

**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR  
nr. 213/2014****2015/EES/52/05****frá 24. október 2014****um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við  
EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKID NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „EES-samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/31/ESB frá 26. febrúar 2014 um samræmingu laga aðildarríkjanna um að bjóða vogarbúnað, sem er ekki sjálfvirkur, fram á markaði <sup>(1)</sup>.
- 2) Fella ber inn í EES-samninginn tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/32/ESB frá 26. febrúar 2014 um samræmingu laga aðildarríkjanna um að bjóða mælitæki fram á markaði <sup>(2)</sup>.
- 3) Samkvæmt ákvæðum tilskipunar 2014/31/ESB fellur úr gildi, frá og með 20. apríl 2016, tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/23/EB <sup>(3)</sup>, en sú gerð hefur verið felld inn í EES-samninginn og ber því að fella hana úr EES-samningnum frá og með 20. apríl 2016.
- 4) Samkvæmt ákvæðum tilskipunar 2014/32/ESB fellur úr gildi, frá og með 20. apríl 2016, tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2004/22/EB <sup>(4)</sup>, en sú gerð hefur verið felld inn í EES-samninginn og ber því að fella hana úr EES-samningnum frá og með 20. apríl 2016.
- 5) II. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

*1. gr.*

Ákvæði IX. kafla II. viðauka við EES-samninginn breytist sem hér segir:

1. Eftirfarandi liðir bætist við á eftir lið 27c (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2007/45/EB):  
„27d. **32014 L 0031**: Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/31/ESB frá 26. febrúar 2014 um samræmingu laga aðildarríkjanna um að bjóða vogarbúnað, sem er ekki sjálfvirkur, fram á markaði (Stjtið. ESB L 96, 29.3.2014, bls. 107).  
27e. **32014 L 0032**: Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/32/ESB frá 26. febrúar 2014 um samræmingu laga aðildarríkjanna um að bjóða mælitæki fram á markaði (Stjtið. ESB L 96, 29.3.2014, bls. 149).“
2. Texti 27. liðar (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/23/EB) og liðar 27b (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2004/22/EB) falli brott frá og með 20. apríl 2016.

*2. gr.*Íslenskur og norskur texti tilskipana 2014/31/ESB og 2014/32/ESB, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.*3. gr.*

Ákvörðun þessi öðlast gildi 1. nóvember 2014, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi borist (\*).

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 96, 29.3.2014, bls. 107.

<sup>(2)</sup> Stjtið. ESB L 96, 29.3.2014, bls. 149.

<sup>(3)</sup> Stjtið. ESB L 122, 16.5.2009, bls. 6.

<sup>(4)</sup> Stjtið. ESB L 135, 30.4.2004, bls. 4.

(\*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 24. október 2014.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

***Kurt Jäger***

formaður.